

Viðurlög við notkun ólöglegra leikmanna

1. grein

Verði lið uppvíst að því að nota ólöglegan leikamann í leik skal liðið tapa leiknum 3-0 (25-0, 25-0, 25-0). Í neðri deildum sem spilaðar eru í helgarmótum skal liðið tapa 2-0 (25-0, 25-0).

2. grein

Við annað brot á leiktímabilinu skal liðið jafnframt dæmt í fjársekt sem ákvörðuð er af stjórn BLÍ og gefin út fyrir hvert tímabil. Við hvert brot þar á eftir tvöfaldast fjársektin. Í neðri deildum sem spilaðar eru í helgarmótum teljast leikir hvernar helgar eitt brot (þó gilda ákvæði greinar 1 um úrslit hvers leiks sem spilaður í helgarmóti).

3. grein

Kærufrestur miðast við grein 24.1 í lögum um dómstóla ÍSÍ. Mótanefnd hefur þó vald til að úrskurða um úrslit leikja aftur í tímann innan leiktímabils sannist það að lið hafi notað ólöglegan leikmann.

Samþykkt í stjórn BLÍ 5. desember 2018.